



# Útilífsskóli Hraunbúa

Skátafélagið  
Hraunbúar verður með  
skemmtileg útilífssnámskeið fyrir alla  
hressa krakka á aldrinum 8 til 11 ára í sumar.  
Dagskráin byggist upp á mikilli útiveru og ekta skátastarfi!



KANÓ

KLIFUR

LEIÐIR

SIG

RÖTUN

ÚTIELDUN

RATLEIÐIR

ÚTILEGA

NÁTTÚRUSKOÐUN

SPENNANDI KOSTUR FYRIR HRESSA KRAKKA!

# ÚTILÍFSSKÓLI HRAUNBÚA

Hraunbúar hafa starfrækt útilífsskóla fyrir Hafnirsku æsku síðastliðin fjögur ár með frábærum árangri. Í útilífsskóla Hraunbúa er lögð höfuðáhersla á útivist í anda skátanna og er dagskráin byggð upp á ekta skátastarfi. Að þessu sinni verða námskeiðin í boði fyrir börn á aldrinum 8 - 11 ára.

Uppbygging námskeiðsins er þannig að þátttakendum er skipt í 4-6 manna flokka. Flokkarnir vinna svo í sameiningu að markmiðum sínum.

## ÞÉTT OG SKEMMTILEG DAGSKRÁ

Við leggjum metnað okkar í þetta, fjölbreytta og skemmtilega dagskrá ásamt því að sinna einstaklingnum vel. Meðal viðfangsefna er stangveiði, sig, klifur, sund, náttúruskoðun, kano, rötun, útiöldun, skátaleikir og margt margt fleira. Tvær dagskrár verða í ár fyrir krakka sem vilja vera tvær vikur í mismunandi dagskrá.

## REYNDIR SKÁTAFORINGJAR LEIÐBEIÑA

Leiðbeinendur á námskeiðunum eru reyndir skátaforingjar innan félagsins. Leiðbeinendurnir eru vanir stjórnun, umsjón og eftirliti hópa auk þess að hafa margra ára skátareynslu að baki. Allir leiðbeinendur hljóta þjálfun hjá Bandalagi íslenskra skáta, sækja ítarlegt námskeið um starfshætti og öryggisreglur sumarnámskeiða og upprifjun í skyndihjálpi.

## ÚTILEGA Í SKÁTALUND

Farið verður í einnar nætur útilegu\* á fimmtudegi á námskeiðum 2-5. Gist verður við Hvaleyrarvatn í skátalundi en þar verður búið að reisa glæsilega skátatjaldbúð.

## DAGSETNINGAR OG TÍMAR

Í sumar verða fimm námskeið í fimm daga hvert\*. Frá mánudegi til miðvikudags fer dagskráin fram innanbæjar og stendur þá dagskrá yfir frá 10-16. Á fimmtudegi er haldið í útilegu kl. 10 í skátalund við Hvaleyrarvatn og lýkur henni kl. 16 á föstudegi.

Boðið verður upp á gæslu klukkutíma fyrir og eftir dagskrá þar sem ýmis skátafræði verða kennd eða farið í leiki. Nauðsynlegt er að þátttakendur mæti klæddir eftir veðri og með hollt og gott nesti fyrir daginn.

## GRILLVEISLA!

Í ágúst verður haldin grillveisla í skátaheimilinu þar sem þátttakendum af sumarnámskeiðunum og foreldrum þeirra er boðið.



\*fyrsta námskeið er fjórir dagar vegna 17. júní og lýkur því kl 23:00 á fimmtudegi. Á því námskeiði verður því ekki gist og lækkar því verðið á námskeiðið. Tilvalið fyrir börn sem langar á skátanámskeið en vilja ekki gista í útilegu.

1. Námskeið: 13. júní - 16. júní
2. Námskeið: 20. júní - 24. júní
3. Námskeið: 27. júní - 1. júlí
4. Námskeið: 4. júlí - 8. júlí
5. Námskeið: 11. júlí - 15. júlí

## SKRÁNING OG VERÐ

Þátttökugjald er kr. 7.000 á námskeið en af námskeiði 1 er veittur 500 kr. afsláttur vegna þjóðhátíðardags. Á hvert námskeið komast 20 krakkar.

Systkinaafsláttur er 10% frá þessu verði, 15% afsláttur er veittur af hverri viku umfram eina. Innfalið í verði eru allar ferðir, dagskrá, sundferðir, efni og gisting. Þá fá allir þátttakendur viðurkenningu í lok námskeiðs. Þátttökugjald skal greiða eigi síðar en á fyrsta degi námskeiðs. Tekið er á móti greiðslukortum. Innritun er hafin í síma 824-0906 mánudaga til fimmtudaga milli 9 og 17, eða rafrænt á [www.hraunbuar.is](http://www.hraunbuar.is).

## NÁNARI UPPLÝSINGAR

Þátttakendur fá ítarlegan bækling um tilhögun námskeiðsins og útilegunnar viku fyrir námskeið. Á hvert námskeið komast 20 krakkar í senn.

Allar nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu okkar [www.hraunbuar.is](http://www.hraunbuar.is). Þar gefur á að líta umsögn og myndir frá seinustu námskeiðum. Einnig er hægt að hringja í síma 824-0906 milli 9 og 17.

### LÍFSLEIKNI

Í skátunum lærir skátinn að takast á við fjölpætt vanda-mál og öðlast alhliða þroska.

### HEILBRIGÐI

Skátastarf byggir á útilífi og heil-brigðu starfi.

### LÍKAMSFÆRNI

Þátttaka í útilífi og fjölbreyttum verk-efnum eykur líkams-færni.



### SKÁTAR...

starfa um allan heim, bæði strákar og stelpur í hópi félaga og vina. Skátar stunda útilíf, vinna að margvíslegum viðfangsefnum og taka þátt í alþjóðlegu skátastarfi. Krakkar þurfa að læra að bjarga sér án fullorðinna. Þannig er skátastarfið - barnið lærir að vera viðbúið og það ... er ævintýri líkast!

FÖRRI NÁMSKEIÐI Í MÁLI OG MÖNDUM Á

[www.hraunbuar.is](http://www.hraunbuar.is)

